

Fundur 7.11.2023 Forn maður Ak Net.

Komið þið sælir og góða kvöldið.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Um langt skeið þekktum við ekki grunn atriði þessarar kenningar og höfum við notið þeirrar náðar að tegund okkar hefur þróast fram og hef ég því persónulega allt mitt líf þekkt mikilvægi þess að leita sambands við lengra komna og fara í slíkar stjörnusambandsstöðvar.

Er það mikilvægt að hugsa til þess að þrátt fyrir helstefnu sem hafði áhrif á tilveru mína og tegundar minnar um langt skeið, héldum við áfram að þróast og er nú svo komið að við stöndum jafnfætis fjölda mörgum.

Og vissum við til þess að Guðir þeir sem komu með síðari tegundir niður á jörðina, hafi notfært sér erfðamengi mannsins og mannanna sem fram voru komnir og hafi því átt auðveldara með að blanda þeim háþrúðu tegundum saman sem fram eru komnar á jörðinni nú um stundir.

Og verður vonandi hægt að afstýra þeim ógnum sem steðja að, út af mengun og breyttu veðurfari og öðrum ástæðum.

Langt er síðan við tókum upp búsetu í borgum og hefur vísindamönnum okkar tekist að snúa þeim göllum sem tilheyrðu okkar frumtegund fyrir langa löngu, upp í kosti og erum við því geðgóð tegund og höfum við náð að rækta úr okkur ofbeldishneigð og aðra ágalla sem lengi tilheyrðu okkur.

Þykir okkur það miður að núverandi jarðarbúar, sem eru margir blendingjar og afkomendur, að hluta til, skuli verða fyrir Covid sem fram er komið og hætt er við því að þeir erfi jörðina sem frá öðrum heimsálfum eru komnir.

Og blönduðust forfeður okkar ekki þeim stofnum sem fjölmennastir eru í Asíu og Afríku og Suður Ameríku.

Var ég upp á jörðinni fyrir löngu síðan og á fjölmörgum framlífs jörðum mínum, lifði ég lífi án þess að hafa þróað með mér nokkra sjálfsvitund að kalla mætti og var það því ekki fyrr en löngu síðar að ég fór að gera mér grein fyrir því að maðurinn hefur sál og maðurinn er íbúi hnatta í geimnum og má segja að líf mitt hafi þá mjög breytst til batnaðar og tegundar minnar.

Þegar ég lít til baka finnst mér það kannski áhugaverðasti þátturinn í æfi minni, þegar þær áskoranir er tóku við að bæta okkur og taka upp menningu síðaðra þjóða og nota síðar vísindalegar aðferðir til að bæta kynstofn okkar og hegðun og losna við neikvæða hegðun og eðlisþætti.

Og fórum við þá að taka þátt í samskiptum við aðrar þjóðir á menningarstigi og síðar að taka þátt í samskiptum við þjóðir og mannkyn sem aðra hnetti byggja.

Hefur mér fundist það einstaklega áhugavert í seinni tíð í þessari framlífs tilveru sem ég er hér í og nokkrum á undan, að rannsaka hvernig fjölmargar tegundir voru uppi á sama tíma og hvernig mismunandi Guðir höfðu skapað þær tegundir og hefur okkur verið það fært núna á ýmsum framlífs hnöttum að hafa samband við þessar tegundir með hjálp stjörnusambandsstöðva og fylgjast með því hvernig misjafnlega hefur gengið að komast á lífsstefnu brautina.

Tegund okkar var tilfinninganæm og var það að sumum talin galli í frumtilveru okkar og fyrstu framlífs hnöttum og gæti ég sagt ýmsar frásagnir af því hvernig einföld viðbrögð eins og táraframleiðsla og ýmiskonar tilfinningaviðbrögð komu á óvart og voru af sumum talin óæskileg, en urðu okkur síðar að gagni í vitsmunapróun.

Og hefur mér fundist það mjög áhugavert hvernig Jahve hafði samstarf við sumar aðrar tegundir og fram komu okkar kynstofn og fleiri af þeim ástæðum.

Höfum við stundum getað haft samband við frumlífs jarðir, en það er frekar sjaldgjæft og gleðjumst við því yfir því.

Stöðugt er verið að finna menjar eftir okkur og aðra á jörðinni og teljum við að skýrari mynd fáiist á þróunarsögu mannsins og er það gott.

Viljum við gjarnan hjálpa til í lífstefnu áttina og vera samtaka þeim mannkynjum sem langt eru komin og get ég því miður ekki sagt þessa sögu í smáatriðum, heldur verð að reyna að segja nafn mitt og kem kannski síðar ef tækifæri gefst og þakka ég fyrir gott hljóð.

Er ég af ætt Devasonia manna og var uppi fyrir tugum þúsunda ára á frumlífs jörð ykkar og lifði meiri hlutann af minni löngu framlífs æfi án þess að tilheyra hámenningar samfélagi og hefur það breytst á löngum tíma og á ég einnig margar jarðvistir að baki þar sem tilheyrt hef hámenningar samfélagi.

Get ég ekki sagt sögu þessa í smáatriðum en,

*Getur þú nokkuð sagt okkur nákæmlega hvað er langt síðan þú varst hér á jörðinni?*

Tel að það séu sextíu og fimm þúsund ár, Devosonian, nafn mitt er Ak Net.

*Er það eitt orð.*

Tvö orð Ak Net.

*Já, takk, hvar á jörðinni varst þú?*

Það var nálægt miðbaug, Asíusvæðinu.

*Hvað voruð þið, þið höfðuð þróað tungumál á þeim tíma?*

Já við höfðum tungumál, en náði yfir einfalda hluti og einfaldar athafnir og ákveðna helgisiði, ákveðnar athafnir, já.

*Var þetta þar sem nú er kallaður Indlandsskagi?*

Já það mætti segja það, og hittum stundum fólk af öðrum tegundum og þekktist að samskipti voru á milli.

Já það var erfitt líf á köflum en setti tóninn fyrir það sem síðar kom og nokkuð viss að við vorum sett þar niður, höfum fengið um það upplýsingar síðar, já og lifði svo talsvert lengi eftir það, án þess að, já við fengum, blönduðumst öðrum í framlífi og fengum þá aðra hæfileika og gerðum okkur betri grein fyrir okkur sjálfum og umhverfinu.

*Voru þið homo sapiens?*

Já einhver tengsl við þá og fleiri, en það má víst segja að slíkt var ekki eins mikið tilviljunum háð og við höldum, heldur voru margir sem komu því til leiðar.

En þakka ég nú fyrir samband og gott hljóð og vona að þið hafið verið einhvers vísari af því, og munum við reyna að efla ykkur af orku, verið þið sælir.

*Ég þakka fyrir vertu velkominn aftur.*

Takk fyrir.